

Sæl Elín Valdís.

Þegar ráðuneytið kom á fund nefndarinnar 19. febrúar sl. og ræddi frumvarpið benti ráðuneytið á að nauðsynlegt væri að kynna þessar breytingar vel og þá sérstaklega fyrir þeim sem eiga að fá kosningarrétt skv. frumvarpinu. Þá hefur einnig komið fram hjá ráðuneytinu að fara þurfi vel yfir löginn þannig að ljóst sé að breytingin á kosningaaldri kalli ekki á frekari breytingar.

Á þeim tímapunkti þegar fulltrúar ráðuneytisins mættu hjá nefndinni hefði verið unnt að bregðast við umræddum breytingum með kynningu á breytingunum þó sá tími sem þá var til kosninga væri að mati ráðuneytisins mjög skammur og hættu væri á að ekki væri nægilega vel staðið að undirbúningi breytinganna. Nú eru liðnar fimm vikur frá þessum fundi. Til viðbótar við áhyggjur okkar af því að að kynna þarf breytingarnar vel fyrir væntanlegum kjósendum koma áhyggjur okkar af því að framkvæmd kosninganna verði teft í tvísýnu verði gerðar svona grundvallarbreytingar á kosningalögum svo skömmu fyrir kosningar.

Undirbúningur er hafinn að þessum kosningum. Búið er að yfirfara kosningavefinn og þær upplýsingar sem þar er að finna fyrir kjósendur, framþjóðendur og aðra. Ef þessi lagabreyting er gerð núna þarf að yfirfara allt efnið og gæta vel að því að þar sé að finna réttar upplýsingar um löggjöf og framkvæmd. Verið er að ganga frá handbók fyrir kjörstjórnir með upplýsingum um löggjöf. Yfirfara þarf hana á ný verði þessar breytingar gerðar. Þá má utankjörfundaratkvæðagreiðsla byrja 31. mars n.k. þannig að við erum komin töluvert inn í undirbúninginn.

Framkvæmd sveitarstjórnarkosninga er fyrst og fremst á sveitarstjórnarstiginu þannig að hitinn og þunginn af framkvæmd kosninganna lendir þar. Grundvallarbreytingar á lögum svo skömmu fyrir kosningar skapa hættu á að mistök verði í framkvæmd og mistök geta haft afdrifaríkar afleiðingar á gildi kosninga. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga einnig bent á í umsögn sinni um málið að óvarlegt sé að gera grundvallarbreytingar á kosningalöggjöf svo skömmu fyrir kosningar. Þá er almennt talið á alþjóðavettvangi að óvarlegt sé að breyta kosningalöggjöf skömmu fyrir kosningar.

Þá ítekar ráðuneytið það sem fram hefur komið um hversu nauðsynlegt er að standa vel að kynningu á þeim rétti sem frumvarpið felur í sér en að slíkri kynningu þurfa aðrir en dómsmálaráðuneytið að standa að s.s. menntakerfið.

Afstaða ráðuneytisins er sú að nú sé of skammur tími til kosninga til að rétt sé að gera þær grundvallarbreytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna eins og lagt er til í frumvarpinu. Ráðuneytið leggur áherslu á að ekki séu gerðar breytingar á kosningalöggjöf sem ekki geta hlotið næga kynningu og undirbúning fyrir kosningar. Undirbúningur kosninga er viðkvæmt ferli og grundvallarbreytingar á þessum tímapunkti geta teft framkvæmd kosninga í tvísýnu.

Við erum að sjálfsgöðu tilbúin til að koma á fund nefndarinnar til að ræða málið frekar verði þess óskað.

Kveðja Bryndís



Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri / Director
Lagaskrifstofa / Department of Legal Affairs
Dómsmálaráðuneyti / Ministry of Justice
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
[Dómsmalaradunevti.is](http://Domsmalaradunevti.is) / [Fvriirvari/Disclaimer](#)

From: "Elín Valdís Þorsteinsdóttir" <elinvaldis@althingi.is>
To: "Bryndís Helgadóttir" <bryndis.helgadozottir@dmr.is>
Cc: "Kristel Finnbogadóttir Flygenring" <kristelf@althingi.is>
Date: 22.03.2018 09:52
Subject: Kosningamálið (kosningaaldur).

Sæl Bryndís,

Líneik Anna Sævarsdóttir 1. varaformaður lét formann vita af því í gær að dómsmálaráðuneytið vildi koma að viðbótarsjónarmiðum vegna málsins.

Nefndin verður með stuttan fund í hádegishléi í dag kl. 13:00 og það væri því gott að fá þessi sjónarmið fyrir þann fund.

Láttu mig endilega vita hvort það gengur upp eða hvort ráðuneytið óskar eftir að koma á fund nefndarinnar vegna málsins.

Með bestu kveðju,
Elín Valdís

Elín Valdís Þorsteinsdóttir, lögfræðingur
nefndarritari stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
deildarstjóri fastanefnda
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0428, fax 563-0430
www.althingi.is



Fögnuð 100 ára fullveldi Íslands
100 árs suverænitet i Island
100 years of sovereignty in Iceland